

<b>Dags eftirlits</b>	1.9.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Guðbjörg Stella
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Guðbjörg Stella
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jónas Ólafur Skúlason	<b>Staðsetning</b>	N66 04,183 V23 07,421

## Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu og engar ábendingar settar fram.

## Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Mávagarði, Ísafirði. Stöðin hefur leyfi til að taka á móti og geyma allt að 1.510m<sup>3</sup> af olíu í stærsta geymi og móttaka á úrgangsolíu er einnig heimil. Ekki er heimild til geymslu bensíns eða rokgjarnra olíutegunda í stöðinni. Starfsleyfið gildir til 1. nóvember 2028.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2022 en ein ábending var sett fram er varðar umgengni við löndunarstúta olíu á bryggju. Breyting á löndunarstútonum er komin á verkáætlun. Engar stærri breytingar hafa orðið á rekstrinum eða umfangi stöðvarinnar frá síðasta eftirliti.

Bent er á að skv. gr. 4.9 í starfsleyfi felur eftirlitið í sér árlega skoðun í stöðinni. Rekstraraðili getur óskað eftir breytingu á þessari grein starfsleyfisins þannig að tíðni eftirlitsins falli undir áhættumat skv. 57. gr. rg. 550/2018. Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Verður tíðni eftirlits miðuð út frá því, óski rekstraraðili eftir þessari breytingu.

Fjórir lóðréttir olíugeymar eru í stöðinni. Geymir nr. 1 inniheldur DMA, geymir nr. 2 inniheldur MGO og geymar nr. 3 og 4 innihalda gasolíu. Geymir nr. 5 er liggjandi úrgangsolíugeymir. Allir geymar voru botnþykktarmældir árið 2021 og ekki gerð athugasemd við áframhaldandi notkun þeirra. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr. 3.2 í starfsleyfi. Þrýstiprófa þarf fjórar lagnir nú í ár, nr. 400.50.00, 400.60.00, 400.61.00 og 400.96.00. Aðrar lagnir eru ofanjarðarlagnir innan lekavarnaþróar og því ekki gerð krafa um þrýstiprófanir á 5 ára fresti. Þær voru þrýstiprófaðar árið 2013 áður en þær voru teknar í notkun. Verið er að taka í notkun nýjan, færanlegan úrgangsolíugeymi og verða eldri geymar fluttir frá stöðinni á næstunni. Standa geymarnir á olíuheldu plani og er frárennslið tengt inn á olíuskilju stöðvarinnar. Einnig er frárennsli úr geymsluskúr sem staðsettur er bak við lóð stöðvarinnar tengt inn á skiljuna. Undantöppun geyma er sett á bamba, látin falla og því næst nothæfu eldsneyti dælt aftur inn á geymana. Ísogsefni eru staðsett í geymslugám við stöðina.

Olíupróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli úr olíuskilju og kom engin olía fram á því. Reglulega er fylgst með skiljunni niðurstöður skráðar á mánaðablöð í rekstrarhandbók. Sjálfvirkur loki er á lekavarnaþrónni sem tengdur er viðvörunarkerfi í starfsmannaaðstöðu. Tengingar og úrtök eru skoðuð mánaðarlega.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í starfsstöðinni og engar ábendingar settar fram þar um. Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í

rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg og starfsleyfið til staðar. Bent var á að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Þjálfunarnámskeið eru haldin reglulega fyrir starfsmenn birgðastöðva og skýrar verklagsreglur og námsefni er í starfsmannahandbók sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á rafrænum grunni rekstraraðila.

Öllum úrgangi er skilað til Funa sem er móttökustaður úrgangs á Ísafirði.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olíuheld þró skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Girðingar voru í lagi og hlið stóð læst þegar að var komið.

## Ábendingar


Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

## Annað

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 25.10.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta





